

UMSÖGN RITHÖFUNDASAMBANDS ÍSLANDS UM ATVINNUSTEFNU Í SAMRÁÐSGÁTT

Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) fagnar áformum um atvinnustefnu fyrir Ísland og svarar spurningum ríkisstjórnarinnar á þessa leið:

1. HVER ÆTTU HELSTU MARKMIÐ OG LYKILMÆLIKVARÐAR AÐ VERA VARÐANDI ÞRÓUN ATVINNULÍFS NÆSTU TÍU ÁR?

Á meðal helstu markmiða þróunar atvinnulífs á Íslandi ætti að vera sköpun andlegra og menningarlegra verðmæta, ekki síður en efnahagslegra. Auðug menning og bókmenntalíf hefur frá öndverðu gert þjóðinni kleift að lifa innihaldsríku og mannsæmandi lífi, hversu kröpp sem kjör hennar voru. Þjóðin má ekki vanrækja þá auðlind nú þegar efnisleg lífsskjör í landinu eru orðin á meðal þess besta sem þekkist í heiminum.

2. TIL HVADA AÐGERÐA GETA STJÓRNVÖLD GRIPIÐ TIL AÐ EFLA ÚTFLUTNING, FJÖLGA VEL LAUNUÐUM STÖRFUM OG AUKA FRAMLEIÐNI VINNUAFLS NÆSTU TÍU ÁR?

Stjórnvöld geta með einföldum og hagkvæmum hætti eflt útflutning bókmennta og lista með því að auka stuðning við rithöfunda og aðra listamenn, bókaútgáfu og menningarstofnanir. Íslenskar bókmenntir og listir eru löngu orðnar verðmæt útflutningsvara og samkeppnishæf á alþjóðavettvangi. Ritstörf og listsköpun verða seint hálaunastörf, en leitun er að vinnuafli sem býr yfir meira frumkvæði, bjartsýni og sköpunarkrafti.

3. HVADA ÚTFLUTNINGSGREINAR, ÞAR SEM FRAMLEIÐNI VINNUAFLS ER HÁ OG LOFTSLAGSÁHRIF ERU TAKMÖRKUÐ, GETA VAXIÐ MEST Á NÆSTU TÍU ÁRUM OG NÁÐ ÁRLEGUM ÚTFLUTNINGI SEM NEMUR TUGUM MILLJARÐA KRÓNA?

Hinar skapandi greinar búa yfir ótakmörkuðum vaxtarmöguleikum, rithöfundar og listamenn eru ótæmandi auðlind, loftslagsáhrif atvinnugreinarinnar eru hverfandi, og hún skilar nú þegar mun meiri efnahagslegum ábata til ríkisins en lagt er til hennar. Hinn andlegi ágóði er enn meiri, hann gerir okkur einfaldlega kleift að kalla okkur þjóð, og er grundvöllur þess að Íslendingar hafa eitthvað fram að færa gagnvart öðrum þjóðum.

Eins og bent er á í skýrslunni *Framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi* (<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Skapandi%20greinar%202024FINAL.pdf>) sem Ágúst Ólafur Ágústsson vann fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið á síðasta ári, nam beint framlag menningar og skapandi greina 3,5% af landsframleiðslu eða um 150 milljörðum árið 2022.

Ritstörf hafa ákveðna sérstöðu innan menningar og skapandi greina. Þau krefjast lítillar yfirbyggingar og yfirleitt lítillar fjárfestingar, eru umhverfisvæn og hlutlaus þegar litið er til kolefnisspors. Þau byggjast að öllu leyti á hugviti og mannauði þeirra sem við þau vinna og kosta hið opinbera lítið. Hvert starf skapar umtalsverð verðmæti, bæði huglæg

og efnisleg, og fjölda afleiddra starfa. Þau eru í eðli sínu störf án staðsetningar og geta eflt menningarlífið í byggðum landsins.

Íslenskar bókmenntir hafa frá öndverðu verið verðmæt útflutningsvara, og hafa ekki aðeins skapað efnisleg verðmæti heldur borið hróður Íslands út fyrir landssteinana, allt frá ritunartíma fornsagnanna. Frá því að núverandi starfslaunakerfi listamanna var komið á fót árið 1992 hafa íslenskar bókmenntir orðið nútíma útflutningsvara. Í fyrstu voru það aðallega fagurbókmenntir sem þýddar voru og öðluðust vinsældir í öðrum löndum en síðustu ár hafa fjölbreyttari verk ratað út í heiminn og íslenskar glæpasögur sótt í sig veðrið. Starfslaunakerfið er það súrefni sem höfundar þurfa í nútímasamfélagi og án þeirra væri íslensk menning ekki sú útflutningsgrein sem raun ber vitni. Íslenskar bókmenntir hafa ekki einungis ratað í þýðingum til flestra landa heims heldur einnig orðið grunnur annarrar sköpunar, svo sem leikverka, tónlistar, sjónvarpsþáttaraða og kvikmynda. Erfitt er að ímynda sér betri landkynningu en vandaðar bókmenntir og aðra listsköpun og sá útflutningur hefur mikil áhrif á aðrar atvinnugreinar, má sérstaklega nefna ferðaþjónustuna.

Mestur er þó ávinningurinn hér innanlands en íslenskar bókmenntir eru hluti af innviðum okkar, meginstoð skólakerfisins og lífsnauðsynlegar framgangi tungumálsins. Þær eru nauðsynlegur spegill á samtímann hverju sinni og vettvangur sjálfsskoðunar þjóðarinnar og þeim fylgir gríðarlegur samfélagslegur ávinningur. Bókmenntasköpun er einnig mikilvæg er kemur að inngildingu. Samfélag þar sem fjölbreyttar raddir fá að hljóma er sterkt og bókmenntirnar mikilvægur vettvangur þeirra.

Ýmsar hættur steðja að ritstörfum og íslenskum bókmenntum nú um stundir. Afkomu höfunda verður að tryggja og opinber stuðningur þarf að vera bæði meiri og markvissari. Samkvæmt þeirri skýrslu sem nefnd er hér að ofan skilar hver króna sem hið opinbera ver til menningar og skapandi greina tveimur í ríkiskassann. Leiða má líkum að því að beinn stuðningur til frumsköpunar skili enn meiru. Afleidd störf skapast hjá útgáfufyrirtækjum, prentsmiðjum, hönnuðum, auglýsingastofum, bóksölum, í leikhúsum og hjá framleiðslufyrirtækjum kvikmynda svo eitthvað sé nefnt, auk magnaðrar landkynningar sem gagnast öðrum atvinnugreinum. Því teljum við að stórauka þurfi stuðning við frumsköpun rithöfunda, myndhöfunda bóka og handritshöfunda til að styrkja grunninn undir allan hugverkaiðnað og efla stöðir íslenskunnar. Mikilvægast til þess væri að fjölga úthlutuðum mánuðum listamannalauna og hækka þau verulega enda mynda þau þann tekjugrunn rithöfunda sem svo margvísleg önnur starfsemi byggir á.

Önnur áskorun er gervigreind og óheft þróun hennar. Hún er komin til að vera en nauðsynlegt er að tryggja að hún komi ekki í stað mannlegrar sköpunar og stöðva það arðrán sem felst í endurgjaldslausri notkun hennar á höfundavörðu efni. Setja þarf skýran lagaramma um notkun hennar og framgang.

Íslenskar bókmenntir hafa alla burði til að vaxa sem útflutningsgrein og mikilvægt er að íslenskir höfundar séu áfram lesnir sem víðast. Slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Til þess þarf að styrkja innviði og tryggja að til verði þýðendur sem geta komið íslenskum bókmenntum yfir á sem flest tungumál svo vel sé. Mikilvægi bókmennta og annarra lista

sem útflutningsgreina er ekki síst áhrif þeirra á samfélagið í heild og aðrar atvinnugreinar, t.a.m. ferðapjónustuna. Mikilvægt er að efla vitund um íslenskar bókmenntir og listir á erlendum mörkuðum með markvissu starfi og stuðningi.

Mikilvægt er að skapa traustan lagaramma um ritstörf, bókmenntir og útgáfustarfsemi á Íslandi. Íslenskan er örtungumál í útrýmingarhættu og þarf á sérstökum stuðningi og vernd að halda, óháð efnahagslegum ávinningi. Nærtækast er að líta til Noregs og þess stuðningskerfis sem þar hefur verið byggt upp sem felur m.a. í sér stuðning við rithöfunda og myndhöfunda, mikla og markvissa dreifingu bóka í skóla og á bókasöfn, fast bókverð og sérstök bóklög sem standa vörð um þessi mikilvægu menningarverðmæti.

Lengi var plagsiður á Íslandi að líta ekki á bókmenntir og listir sem atvinnugrein og tekjulind, heldur íþyngjandi útgjaldalið. Þetta er úrelt hugsun, enda eru hinar skapandi greinar ein af undirstöðum kraftmikils, líflegs og aðlaðandi þjóðfélags. Bókmenntirnar skapa efnisleg og andleg útflutningsverðmæti, dæla hugmyndum, lífi og hjartablóði út í alla kima samfélagsins, og knýja áfram tungu, sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þjóðarinnar. Það er gott að huga að iðnaði, sjávarútvegi og ferðapjónustu, en ef enginn vinnur við að skrifa og skapa fellur allt hitt um sjálf sig. Ísland er ekki verstöð, heldur heimkynni okkar.

Fyrir hönd stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Margrét Tryggvadóttir
formaður